



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð

5. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 16. janúar 2022 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

#### 1. Erindisbréf

Frestað

#### 2. Vinna við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna

Könnun um atvinnustefnu Uppsveita hefur verið í gangi síðan í desember og athugað er með að hafa könnunina opna lengur og auglýsa hana betur í sveitarfélaginu.

Eftir úrvinnslu á könnuninni verður athugað að ræða við ákveðna hópa á svæðinu eins og ungmenni, fulltrúa fyrirtækja og fleiri.

#### 3. Undirbúningur fyrir viðburði næsta ár:

Unnið er áfram að skipulagi á fyrirhuguðum viðburðum með fyrirvara um niðurstöður úr fjárhagsáætlunargerð og samþykki frá sveitastjórn um skipulag.

- Hátíðarhöld á Þjóðhátíðardegi Íslands, 17. júní 2023
  - Komið er svar frá Flækju varðandi leiksýninguna Ef ég væri Tígrisdýr. Þau eru laus 17. Júní og kosta 200.000 krónur. Sýningin er 20 mínútur.
  - Óskað var eftir upplýsingum frá fleiri skemmtikröftum og leikhópum.
  - Athuga á með að fá jafnvel söngatriði frá Sólheimum.
  - Fá leikatriði frá Leikfélaginu á Borg
  - Athuga með atriði úr Grease frá unglingadeildinni í Kerhólsskóla.
  - Ef miklar framkvæmdir verða á lóðinni í kringum stjórnsýslu húsið þá er hægt að athuga með að hafa hátíðarhöldin annaðhvort á Sólheimum eða á Úlfjótavatni.
- 25 ára afmæli Grímsnes- og Grafningshrepps
- Borg í sveit
  - Búið að taka frá laugardaginn 3. júní fyrir Borg í sveit og 25 ára afmæli sveitarfélagsins.



**Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps**

- Íbúafundur með íbúum sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps v. vinnu við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna. Verður athugað síðar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 18:25